



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

6. tbl. 2004, - 14. árg.
Nóvember 2004

Draugaball

Laugardaginn 20. nóvember verður haldið Draugaballs barnskemmtun með hrekkjavöku-ívaði í salnum í "Commune" húsinu í Hostert. I rue de la Gare (á móti krikjunni í Hostert).

Skemmtunin hefst kl. 15:00 og stendur til kl. 18:00. Farið verður í ýmsa leiki og staðið fyrir öðrum uppákomum fyrir unga sem aldna.

Aðgangseyrir er € 5- og innifalið er drykkur og kleina/pönnukaka.

Kökur, samlokur, snakk og drykkir seldir á staðnum.

Allir hvattir til að mæta í búningum.

Vonumst til að sjá sem flesta til að taka þátt í sprellinu með okkur.

Hjálparhellur óskast. Bryndís sími 341882, Kata sími 26 780 257 og Stella sími 357 064.
Leikklúbburinn Spuni



Í þessu blaði:

Nokkur orð um góða virkni 1
Draugaball

Kvennakvöld 1

Basaar International 1

Blaðaskrif um stofnun 2
Cargolux

Sérstök tilkynning til 3
foreldra

Spinn og Zumba 3

Málverkasýning 3

Nokkur orð um góða virkni 3

Simaskrá 3

Frá ritstýrum 3

Litlu dálkarnir 4

Kvennakvöld

FÍL ætlar í sameiningu með Leikklúbbnum Spuna og stöllum sem héldu kvennakvöld fyrir nokkrum árum að halda kvennakvöld.

Haldið á sama stað og síðast eða í skátaheimilinu í Neihaischen laugardaginn 4. desember.

Húsið opnar klukkan 20:30 og er tilvalið fyrir vinkonur að fara fyrst út að borða og koma svo.

Markmiðið er að sameina íslenskar konur á öllum aldri. Nú er líka komið svo mikið af nýju fólki.

Ekki er búið að ákveða þema kvöldsins.

Nánari auglýsing verður send síðar.

Stjórn FÍL

Basaar International

Fyrstu helgi í aðventu, 27. og 28. nóvember, er hinn árlegi Bazaar International haldinn í Foires Internationales í Kirchberg.

Sölubásar frá yfir 40 löndum og allir selja vörur og mat frá sínu landi.

Íslenski básinn ætlar að vera íslenska lopann, nammið og fleira. Einnig verða til sölu jólakort Thorvaldsen-basarsins.

Allur söluágóði er gefin til líknarfélaga víðsvegar um heiminn.

Opið er laugardag frá 12:00—20:00 og sunnudag frá 10:00 til 18:00. Barnagæsla er á staðnum.

Íslenski básinn vonast til að sjá sem flesta landa á basarnum þessa helgi.



Á döfinni:

- Draugaball laugardaginn 20. nóvember kl. 15:00
- Kvennakvöld laugardaginn 4. desember
- Spunakaffi þriðjudaginn 7. 12, kl. 10:00 í Scanshop
- Jólamessa 19. desember
- Jólball 26. desember í Am Sand í Niederanven
- Þorablót laugardaginn 29. janúar

Þorablót félagsins verður haldið laugardaginn 29. janúar á Parc Hotel í Dommeldange

Takið daginn strax frá

Miða og borðapantanir byrja 5. janúar á midar@islandus.net



Blaðaskrif um stofnun Cargolux

Nýlega hafa birtst blaðgreinar, þar sem aðilar sem höfðu lítið með stofnun Cargolux að gera eru að gefa í skyn, að þeir hafi átt stóran hlut að máli við stofnun félagsins.

Í Morgunblaðinu 17. júní síðastliðinn birtist mynd af Sigurði Helgasyni ásamt öðrum og þar á meðal manni að nafni Peter Bonde. Undir þessari mynd var skrifað að Sigurður Helgason og Peter Bonde hafi unnið náð að stofnun Cargolux. Peter Bonde starfaði hjá Rederi A.B Salenia löngu eftir að Cargolux var stofnað og tók aldrei þátt í neinum fundum varðandi málefni Cargolux, og ég veit ekki til þess að hann hafi nokkru sinni komið til Luxembourgar til funda hjá Cargolux.

Næst birtist grein í Air Cargo News 20. ágúst 2004 eftir Sigurði Helgasyni þar sem hann gerir athugasemd við fréttatilkynningu frá Cargolux í sambandi við starfslok Rogers Sietzen stjórnarformanns Cargolux. Í þessari fréttatilkynningu er sagt að Roger Sietzen hafi sérstaklega stuðlað að stofnun félagsins 1970 að beiðni ríkisstjórnarinnar í Luxembourg og byggt upp fyrirtækið í það sem það er í dag. Í grein Sigurðar bendir hann á að fréttatilkynning Cargolux sé villandi varðandi stofnun félagsins. En Sigurður bætir ekki úr með sínum skrifum, þar sem hann heldur því fram að hugmyndin að stofnun Cargolux hafi komið fram í hans nánu samvinnu við Seaboard World Airlines. Þetta er algjör fjarstæða og á enga stöð í veruleikanum. Seaboard World Airlines stofnaði Flugfélagið Expressflug til þess að fljúga leiguflug með frakt frá Austurlöndum fjær til Evrópu í samkeppni við Cargolux. Áhafnir Expressflug komu frá Air Bahama þar sem Sigurður var forstjóri.

Í stjórnartíð Sigurðar hjá Flugleiðum afskrifaði félagið hlutabréf sín í Cargolux og seldi síðan til Cargolux, sem nokkrum mánuðum síðar seldi sömu hlutabréf til Lufthansa með milljón dollara hagnaði.

Að beiðni TIACA (The International Air Cargo Association) var ég sem meðlimur í þeirra "Heiðurshofi" (Hall of Fame) beðinn um að skrifa um stofnun og upphaf Cargolux. Hér á eftir fer sú grein sem birtist í tímariti TIACA:

"Endurminningar frá Heiðurshofinu"

“Ég vildi rifja upp þá atburði sem leiddu til stofnunar Cargolux, og minnst þeirra aðila sem stóðu að því. Loftleiðir Icelandic höfðu um langt skeið flogið til Luxemburgar sem var aðal áfangastaður þeirra í Evrópu. Loftleiðir tóku í notkun DC8-63 þotu og var að hætta notkun á Canadair CL-44 flugvélum. Árið 1969 höfðu Loftleiðir tekið að sér flug með DC6 flugvélum frá Sao Tome til Biafra fyrir Hjalparstofnun Skandinaviska kirkjunnar. Þessari stafsemi var lokið í janúar 1970.

Mitt starfsvið hjá Loftleiðum sem framkvæmdarstjóri þróunnarsviðs var að selja eða finna verkefni fyrir CL-44 flugvélarinnar sem verið var að taka úr notkun. CL-44 flugvélarinnar voru skrúfubotur með burðarþol 27 tonn og brenndu USG 800 á tímum. Þessar flugvélar voru upphaflega byggðar sem vöruflutningarflugvélar og höfðu þann sérstaka búnað að hægt var að opna stélið til að hlaða fragt.

Salén skipafélagið í Svíþjóð hafði verið að kanna möguleika á flugfragt innan "Pegasus" samtakanna, sem samanstóðu af stærstu skipaeygendum á Norðurlöndum.

Christer Salén, sonur stofnanda félagsins, fannst að hlutirnir gengu of hægt innan samtakanna, og vildi gera eitthvað á eigin spýtur. Hann hafði samband við Loftleiðir árið 1969 um möguleika á að fá CL-44 flugvélar til að fljúga fragt í miðri viku og skandinaviska ferðamenn um helgar til sólarlanda. Salén hafði einnig áhuga á að fljúga með ferska ávexti og grænmeti til dreifingar á Evrópumarkaði. Áður enn Christer Salén hafði samband við Loftleiðir, þá hafði samgöngumálaráðherra Luxembourgar, Marcel Mart, lýst áhuga á við Loftleiðir að stofna vöruflutningaflugfélag í Luxembourg. Eftir að Salén hafði lýst áhuga sínum á CL-44 flugvélunum, var ákveðið að stofna til fundar með Luxair og Salén til þess að semja um stofnun á vöruflutningaflugfélagi.

Loftleiðir höfðu þegar ákveðið að breyta fyrstu CL-44 flugvélinni í fragtflugvél og hófu rekstur á leiguflugi frá Luxembourg í nóvember 1969. Í byrjun janúar 1970 stofnuðu Salén og Loftleiðir "Sal-Loft" sem var sameignarfélag, 50/50. Salén keypti 50% hlut í öllum 5 CL-44 flugvélunum sem Loftleiðir höfðu rekið, og þessar vélar voru síðan leigðar til Cargolux á leigusamningi 'pay as you fly'. Cargolux var loks formlega stofnað í mars 1970 og aðalhluthafar voru Loftleiðir, Salén, Luxair og nokkrir einstaklingar. Hlutféið var USD 30.000,- og hóf Cargolux rekstur í maí 1970.

Aðrir meðlimir TIACA "Heiðurshofsins" sem hófu störf hjá Cargolux voru Einar Ólafsson forstjóri. Hann hafði séð um Biafra flugið og þar áður hafði hann verið stöðvarstjóri Loftleiða í Luxembourg. Gunnar Björgvinson hafði verið stöðvarflugvirkur hjá Loftleiðum í Luxembourg, og þegar viðhaldsdeild Loftleiða í Luxembourg var sameinuð Cargolux varð hann framkvæmdarstjóri viðhalds- og verkfræðideildar Cargolux. Robert Arendal kom til Cargolux nokkru seinna og varð framkvæmdarstjóri sölu- og markaðsdeildar Cargolux. Hann hafði áður starfað hjá Seaboard World í Danmörku.

Greinarhöfundur var stjórnarmeðlimur og meðlimur framkvæmdarráðs Cargolux frá byrjun. Árið 1978 sagði ég upp starfi mínu hjá Flugleiðum sem framkvæmdarstjóri

viðhaldsdeildar, flugrekstrardeildar og stöðva og réð mig til Cargolux sem framkvæmdarstjóri þróunnardeildar félagsins.

Upphafleg starfsemi Cargolux var leiguflug og hjálparflug, og seinna regluleg leiguflug. Auglýsingaslagorð félagsins: 'you name it we fly it' lýsti hve fjölbreytt starfsemi félagsins var og er enn þann dag í dag. Flogið var til dæmis frá Marokko með jarðaber, ananas frá Filabeinströndinni, tómata frá Kanaríeyjum og rauðan og grænan pipar frá Asmara (Eþíópíu) og loftbrú í 2 vikur með þremur flugvélum sem flugu tvisvar sinnum á dag með vínber frá Nikósíu (Kýpur) til Englands. Þýðingarmikill áfangi fyrir starfsemi Cargolux var að hefja reglulegt leiguflug seint á árinu 1970 til og frá Hong Kong með fatnað. CL-44 J gerðin, sem var 16 fetum lengri heldur en CL-44D gerðin, var sérstaklega hentug fyrir þennan flutning.

Cargolux tók fyrst í notkun þotu að gerðinni DC8-55 og seinna DC8-63 sem var mjög hagkvæm flugvél fyrir fyrirtækið á þeim tíma. Cargolux pantaði fyrstu breiðþotuna af gerðinni B747-200F árið 1977 og var hún afhent árið 1979, og flugvél númer tvö kom árið 1980. Kaupin á B747-200F vélunum var mjög stórt skref fyrir félagið. Á þeim tíma urðu miklar hækkanir á eldsneyti og fjármagnsvöxtum, sem sköpuðu mikla fjárhagsörðugleika fyrir Cargolux á þeim tíma. Árið 1979 byrjaði Cargolux að fljúga fyrir önnur flugfélög bæði með fragt og farþega. Cargolux flaug áætlanarflug með vörur fyrir Air India og PIA (Pakistani International Airlines). Cargolux flaug einnig pílgrimsflug tvö ár í röð með 3 B747-200 flugvélar fyrir Iran Air. Cargolux stofnaði 'Lionair' ásamt Luxair. Cargolux sá um rekstur Lionair. Flogið var áætlanarflug fyrir Air France og í Karabískahafið fyrir ferðaskrifstofuna Airtours í Bretlandi.

Árið 1990 ákvað Cargolux að kaupa nýjar B747-400F flugvélar. Cargolux var fyrsta flugfélagið sem tók þessar flugvélar í notkun í lok ársins 1993.

B747-400F flugvélin hefur reynst mjög hagkvæm og með marga kosti yfir B747-200F með meiri burðargetu, meira rými, meira flugþol og yfir 15% sparnaði á eldsneytisnotkun. Í dag starfrækir félagið 13 B747-400F flugvélar og flýgur um allan heim og hefur sýnt góðan hagnað frá því að fyrsta B747-400F vélin var tekin í notkun.

Velgengni Cargolux hefur byggst á eftirfarandi:

- Cargolux hefur starfað sem flugfélag "vörumiðlaranna" eða freight forwarders.
- Cargolux hefur átt því láni að fagna að geta ráðið traust og hæft starfsfólk sem var ætíð ákveðið að ljúka því verkefni sem þurfti að leysa. Á 34 ára stafrerli félagsins hafa engar starfsmannadeilur raskað starfsemi félagsins.

Cargolux hefur haft þann sveigjanleika að geta breytt stefnunni eftir þörfum markaðsins.

Jóhannes Einarsson,

Verkfræðingur



Sérstök tilkynning til foreldra!

Stjórn FÍL hefur lagt í mikla vinnu við að senda börnum félagsmanna efni frá Umferðarskólanum á Íslandi. Þetta er sama efni og börn á Íslandi fá.

Til þess að börnin fái þetta efni hér í Luxembourg þurfa foreldrar að vera vakandi yfir því að senda okkur upplýsingar um börnin sín. Okkur vantar nöfn barnanna, heimilisföng, fæðingardag og ár ásamt nöfnum foreldra.

Vinsamlegast tilgreinið öll börn, sama hversu gömul þau eru, því kannski getum við líka miðlað upplýsingum í framtíðinni til eldri barna, þó ekki frá Umferðaskólanum á Íslandi endilega sé. Við sjáum fyrir okkur að við gætum miðlað upplýsingum til eldri barna um ýmislegt annað.

Vinsamlegast sendið upplýsingarnar á bruin@islandus.net eða hringið í einhverja stjórnarmeðlimi.

Stjórn FÍL

Símaskrá

Erum að vinna í að uppfæra símaskrána. Það eru svo margir sem hafa flutt og skipt um símanúmer eða netföng. Og svo er einnig mikið af nýjum meðlimum.

Við biðjum alla félagi að athuga hvort þeir séu í símaskránni, nú ef þá hvort upplýsingarnar eru réttar. Breytingar sendist á bruin@islandus.net

Stjórn FÍL

Spinn og Zumba

FÍL Spinn tímar á fimmtudögum kl. 9:15.

Opnir Zumba tímar á sama tíma



Ykkar val

Hvað er Zumba?

Fitubrennslutímar með suður-amerískum blæ – mikið stuð, mikil hreyfing, styrkir maga, mitti og bak. Glænýtt og spennandi fyrir alla aldurshópa og hæfileika.

Verð: € 10,- fyrir stakan tíma, € 54,- fyrir 6 tíma.

Top Squash, 25 rue de la Gare, Sandweiler, Sími: 357 181

Málverkasýning

Bergling Ýr Sigurðardóttir verður með sýningu á málverkum sínum í LuxTec Center í Contern 19. nóvember til 18. desember.

Opið er virka daga frá 9:00 til 20:00.

Nokkur orð um góða virkni

Ég hef tekið FitLine í um það bil 3 ár. Mér finnst ég ekki geta verið án þess. Það gefur mér kraft og vellíðan að öllu leyti.

Óðinn sonur minn er sykursjúkur og segir að Fitline sé honum ómissandi.

Þeir sem eru slappir, stressaðir og kraftlausir ættu að prufa þetta undravítamín.

Ég mæli með því.

Sigrún Ingvarsson

Jólamessa

Jólamessan verður haldin í Kirkju hinnar heilögu þ r e n n i n g a r (mótmælendakirkjunni) sunnudaginn 19. desember kl.

14:00, séra

Sigurður

Arnarson frá

London messar.

Nýstofnaður kór

kirkjunefndar

mun syngja við

u n d i r l e i k

Hermanns B.

Reynissonar. Börnin í

íslenskuskólanum verða með

helgileik.

Kirkjunefndin



Jólaball félagsins verður haldið sunnudaginn 26. desember í salnum

“Am Sand” í Niederanven

Frá ritstýrum

Fyrsta messa vetrarins var 3. október. Sr. Sigurður Arnarson messaði og var kaffi á Arizona Lounge eftir messuna. Nýskipaður organisti kirkjunnar, Hermann Bragi Reynisson, tókst vel að skapa góða stemningu og var messan hin ánægjulegasta.

Ákveðið var að börnin tækju þátt í messustarfinu í c.a tuttugu mínútur. Ragnhildur Eyjólfsdóttir fór svo með öll börnin í sunnudagaskóla og leik og gátu því fullorðnir notið þess að hlusta á erindi Sr. Sigurðar. Næsta messa er fyrirhuguð 19. desember.

Íslenskuskólinn er byrjaður á

fullum krafti og frábært er að sjá hversu mörg börn koma í skólann í vetur.

Stjórn FÍL hefur sent út efni til barna félagsmanna frá Umferðaskóla Íslands. Efni fyrir sjö ára börn hefur þó ekki borist stjórninni, en efnið verður sent börnunum um leið og það berst.

Venjulega markar Echternach-gangan upphafs vetrarstarfs FÍL en að þessu sinni var gengið óvenju seint eða þann 10. október..

Ekki hafði það þó letjandi áhrif á félagsmenn, því að metþátttaka var og ótrúlega gaman að geta

staðfest það að eitthundrað manns mættu, já, satt og rétt 100 manns!

Allt lagðist á eitt, frábær mæting, gott veður, íslenskt sælgæti, íslenskar pylsur og góða skapið sem allir komu með, gerði það að verkum að dagurinn var stórskemmtilegur.

Börnin voru fimmtíu og fjögur talsins, frá tveggja vikna og upp úr. Þau mættu í vögnum, kerrum, þrihjólum, hjólum, hlaupahjólum og línuskautum og gaman var að sjá þau öll svona hress og kát að skemmta sér saman.

Stjórn FÍL vill þakka öllum þeim sem mættu og hjálpuðu til við að

gera þennan árvissa atburð svona skemmtilegan og vonast til að hitta alla aftur, að ári og líka þá, sem komust ekki í þetta sinn!

Í nóvember heldur Spuni Draugaball sem verður vonandi vel sótt af öllum, enda gaman að búa sig upp í einhverja búningadellu og skemmta sér með börnunum.

Svo er bara kominn tími til að setja sig í jólastellingar enda stutt í Bazarinn, jólamarkaðinn í Trier og adventuna, svo maður tali nú ekki um að koma öllum pökkunum og jólakortunum frá sér!

Góða skemmtun.



Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Heardchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
Guðbjörg Steinarrsdóttir
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl.

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2004-2005

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, fil@islandus.net
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritari, 365 163, 021 637 888, fil.ritari@islandus.net
Díana Kristjánsdóttir, gjaldkeri, 2636 2419, 091 552 137 fil.gjaldkeri@islandus.net
Erna Elvarsdóttir, meðstjórnandi, 2674 5578, 021 306 871 erna@islandus.net
Þóra Karlsdóttir, meðstjórnandi, 2694 5105, 021 501 117 thora@islandus.net
Jóhann Örn Arnarson, varamaður, 341 882, 021 266 747 joi@islandus.net

Stjórn Kirkjunefndar

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann, 358 556
Sólveig Stefánsdóttir, 789 341
Agnar Sigurvinsson, 435 183
Sigurður Kristinsson, 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, 341 882, spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu
Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elísabet Sigurðardóttir
Herdís Þórisdóttir

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda var 1. apríl.
Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGLL númer
LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Barnapössun

Tökum að okkur að passa börn um helgar, getum gist, erum vanir.

Einn eða allir, allir sem einn.

Daði, Ari og Ottó

Sími: 26 945 405

Gsm: 021511 550

Til sölu

DVD: Sveitasæla með Gunna og Felix. € 25.

CD's: Traustur og Tryggur

Númer 12, 13, 14 og 18. € 13.

Pantanir hjá Matthildi í síma 787

077 41 eða á netfanginu

bruin@islandus.net.

Vatnslitamyndir

Hef til sölu myndir eftir mig.

Mótif eru frá Íslandi og

blómamyndir. Gott verð.

Sigrún í síma 358 207

Þreyttir fætur

Svæðanuddið gerir kraftaverk.

Ég hef tíma, kem líka heim til

ykkar.

Sigrún í síma 358 207

Fæðingar

Herdís Grétarsdóttir og Einar
Hjaltason eignuðust soninn
Daníel þann 27. október. Hann
var 3300 gr og 52 cm.

Við óskum þeim til hamingju.

Símaskrá

Breytingar

Magnús Freyr Hrafnsson

Harpa Guðmundsdóttir

51 rue de L'Horizon

L-5960 ITZIG

Sími: 26 362 521

Gsm: M: 091 455 902

Gsm H: 091 836 954

harpa@vonet.lu

magnush@vonet.lu

Nyjir meðlimir

Aðalsteinn Maack

Herdís Matthíasdóttir

Am Gottbach 15

D-54296 TRIER-IRSCH

Sími: +49 651 995 4450

allidisa@simnet.is

Birgir Rúnar Jónsson

Inga Birna Antonsdóttir

29 Duerfstroos

L-6830 BERBOURG

Sími: 26 710 929

Gsm: 021 227 887

B: bj@flug.is

I: ingabirnaa@hotmail.com

Fjölur Freyr Sværissón

Berglind Guðjónsdóttir

Klaus Lohmannstrasse 30

D-54295 TRIER

Sími: +49 651 145 6597

Gsm: F: +49 176 2230 5319

Gsm: B: +49 176 2230 5320

berglingudjondsdottir@yahoo.com

ffs@simnet.is

Gunnar Thoroddsen

Auður Stefánsdóttir

8 Am Fraeschpull

L-7270 HELMSANGE

Sími: 26 330 548

Netfang: audurstefans@yahoo.com

Halldór Guðfinnson

Guðný S. Guðjónsdóttir

189 Bd. Charles Simonis

L-2539 LUXEMBOURG

Gsm: G: 091 852 641

gudnysg@hotmail.com

Kristinn Már Gunnarsson

Kirsten Gunnarsson

Bergstrasse 28

D-54329 TRIER

Sími: +49 6501 946 311

Fax: +49 6501 946 313

gunnarsson@in-trier.de

Nökkvi Sveinsson

Áslaug Auður Guðmundsdóttir

98 rue de Remich

L-5330 MOUTFORT

Sími: 26 701 567

Ólafur Reynir Ólafsson

Jóhanna Friðriksdóttir

7 rue de Tanneurs

L-6790 GREVENMACHER

Sími: 26 729 044

Gsm: Ó: 021 507 437

Gsm: J: 021 507 438

johanna_oli@hotmail.com